

## Fundargerð



Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Fund boðaði	Dags fundarrit.
Margrét H. Hallsdóttir	19.03.2024	12-14	Ingileif Oddsdóttir	19.03.2024
Fundarmenn: Ingileif Oddsdóttir, Sigurjón Rafnsson, Þorkell Þorsteinsson, Kristján Bjarni Halldórsson, Guðrún Ottósdóttir, Sigríður Svavarsdóttir, Einar Ísfjörð, Sigríður Regína Valdimarsdóttir, Kristjana E. Jónsdóttir, Helga Óskarsdóttir				
Fjarverandi: Árni Gunnarsson				

### Dagskrá:

- Skólahald vorannar
  - Nemendatölur
  - Mannahald
- Matvælanám
- Húsnæðismál
- Fjármál
- Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs	ath.
1.	Áfangastjóri fór yfir nemendatölur. Samtals voru 698 nemendur skráðir í skólann í febrúar 2024. Áfangastjóri fór einnig yfir skiptingu nemenda á brautir. Fjölmennasta brautin er sjúkraliðabraut. Nemendur í helgarnámi og meistaraskóla eru samtals 129. Nýjir starfsmenn eru: Albert Ingi Haraldsson hóf kennslu í rafvirkjun. Gunnar Þór Gunnarsson hóf kennslu í bifvélavirkjun. Ágúst Ingi er í 50% fæðingarorlofi og 50% kennslu. Arndís Björk er í veikindaleyfi. Finnbogi Bjarnason og Hafdís Arnardóttir leysa hana af.	

## Fundargerð



	Hjörtur Elefsen og Axel Eyjólfsson eru hættir þar sem kennslu í helgarnámi í vélstjórn er lokið.	
2.	Hafdís Einarsdóttir kom inn á fundinn og sagði frá matvælanámi sem er í bígerð. Brautin er 60 einingar, þar af 35 einingar verklegt, vinnustaðanám og starfsþjálfun. Stefnt er að því að fara af stað með námið í haust. Hugmyndin er að skipta náminu niður á 4 annir. Hægt er að nýta allar einingar af matvælabrautinni inn á fjölgreinabraut. Þessi braut er hugsuð sem grunnur fyrir allar matvælagreinar.	
3.	Skólameistari skipaði tilsjónarmann verkefnisins um stækkun verknámshúss. Kristján Bjarni mun taka það að sér. Framkvæmdasýslan og arkitektar hafa fundað með öllum deildarstjórum í verknámshúsi og margar tillögur og athugasemdir komu út úr því. Teiknistofan Tröð kemur einnig að þessu. Miðhæð og ris á Kirkjutorgi er langt komið. Verið er að setja upp innréttingar í eldhús og baðherbergi. Samtals eru þar 7 herbergi og eru þau hugsuð fyrir nemendur í helgarnámi.	
4.	Guðrún Ottósdóttir greinir frá uppgjöri vegna ársins 2023. Rekstrarkostnaður alls er 1.190.559.233, sértekjur eru 115.170.160, gjöld umfram sértekjur eru samtals 1.075.389.073, framlag ríkissjóðs er 1.082.487.301. Afgangur vegna ársins 2023 er 7.098.228. Höfuðstóll í árslok 2023 er 60.283.385. Fjárfesting ársins 2023 eru 50.369.284. Fjárfestingarfjárveiting í árslok 2023 eru 264.167.	
5.	Einar Ísfjörð formaður nemendafélagsins sagði frá því sem hefur verið í gangi hjá nemendafélaginu. Allt hefur gengið mjög vel í starfi nemendafélagsins í vetur. Nýlega sýndi leikfélagið sýninguna Með allt á hreinu og var selt inn á 12 fullar sýningar og fengu þau mikið lof fyrir. Ingileif sagði frá starfspróunardegi starfsfólks sem fram fór í Reykjavík þann 29. febrúar s.l. Verulega vel heppnaður dagur. Fundi slitið kl. 13:30.	

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Nr.: GAT-040  
Útgáfa: 02  
Dags.: 21.01.2021  
Höfundur: ÍHÓ  
Samþykkt: IO  
Síða 3 af 3

## Fundargerð



Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á): Fundargerð er vistuð á sarpinum, birt á heimasíðu skólans og í möppu á skrifstofu skólameistara.